



Fundargerð 1. stjórnar AKÍS 2025-2026

Staður og tími: Zoom 11. mars 2025 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Jón Þór Jónsson (JPJ), Linda Karlsdóttir (LK), Baldvin Hansson (BH), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS)

Mættir varamenn: Ari Halldór Hjaltason (AHH), Ásta Sigurðardóttir (ÁS), Andri Már Sveinsson (AMS)

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

Fjarverandi: Páll Jónsson (PJ)

AÓS ritaði fundargerð

1. Stjórn skipar með sér verkum.

Samkvæmt 13. grein laga skal stjórn skipa með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum nýrrar stjórnar. Baldvin Hansson er skipaður varaformaður, Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir verður ritari og Linda Karlsdóttir verður gjaldkeri.

Fundartími stjórnar verður áfram á sömu tímum, 1. og 3. þriðjudag hvers mánaðar kl 19:00.

2. Námskeiðahald AKÍS

Stjórn ræðir hvernig fyrirkomulag námskeiða skal vera fyrir starfsfólks AKÍS sbr. formenn dómnefnda og aðra sem starfa á vegum sambandsins.

HKS falið að senda út tilkynningu um fyrirhugaðar kynningar fyrir keppnisstjóra og formenn dómnefnda og óska eftir skráningum þeirra einstaklinga sem hafa hug á að sækja námskeið fyrir komandi tímabil. Huga þarf einnig að námskeiðum fyrir öryggisfulltrúa og skoðunarmenn og er AHH falið að vinna málið áfram og leggja tillögu að því fyrir næsta fund.

3. FIA fundur, Region 1 spring meeting

FIA Region 1 spring meeting verður haldinn dagana 6. - 8. maí í Marrakesh, Morocco. FIA greiðir allt að 500 evrur fyrir flug og 600 evrur fyrir gistingu fyrir einn aðila hvers sérsambands.

Stjórn samþykkir að AKÍS sækji ekki þennan fund að sinni.



Til kynningar:

- **Aðalfundur Start verður haldinn 12. mars á Tehúsinu á Egilsstöðum**
- **Aðalfundur Heklu verður haldinn 18. mars**
- **Aðalfundur Bílklúbbs Hafnarfjarðar verður haldinn 29. mars kl 14:00**

Næsti fundur verður 18. mars kl 19:30

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 20:34